

REGLUGERÐ

nr. X/XXXX um Loftslags- og orkusjóð.

I. KAFLI

Almennt um Loftslags- og orkusjóð.

1. gr.

Hlutverk Loftslags- og orkusjóðs.

Loftslags- og orkusjóður er sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra og starfar á grundvelli laga nr. 76/2020. Um hlutverk sjóðsins er fjallað nánar í 2. gr. sömu laga um Loftslags- og orkusjóð.

2. gr.

Stjórn.

Um stjórn sjóðsins og skipun fer samkvæmt 3. gr. laganna um Loftslags- og orkusjóð.

3. gr.

Umsýsla.

Umhverfis- og orkustofnun annast daglega umsýslu Loftslags- og orkusjóðs undir yfirstjórn stjórnar sjóðsins. Í því felst að halda utan um daglegan rekstur og beinar stuðningsaðgerðir, auglýsa úthlutanir úr samkeppnishluta sjóðsins, taka á móti umsóknum, meta umsóknir og í þeim tilvikum sem fagráð er ekki starfandi leggja tillögu að forgangsörðun fyrir stjórn sjóðsins ásamt greinargerð, sbr. 11. gr. Stjórninni er þó heimilt að framselja óháðum aðila faglega umsýslu sjóðsins samkvæmt samningi.

Ákvarðanir sem teknar eru um að veita styrki úr Loftslags- og orkusjóði eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

4. gr.

Fjármögnun.

Tekjur Loftslags- og orkusjóðs eru fjárveiting á fjárlögum ár hvert og eftir atvikum tímabundnar tilfærslur fjárheimilda innan hvers árs. Allur kostnaður við rekstur Loftslags- og orkusjóðs greiðist af tekjum sjóðsins.

5. gr.

Samkeppnisstyrkir og beinn stuðningur.

Tegundir styrkja

Sjóðurinn veitir annars vegar styrki til samkeppnisverkefna og hins vegar til beinna stuðningsaðgerða.

Umsóknir um styrki í samkeppnishluta sjóðsins eru annars vegar metnar út frá hlutverki og tilgangi sjóðsins, reglugerð þessari og áherslum stjórnvalda og ráðherra sem skulu koma fram í leiðbeiningum tengdum auglýsingum um styrki hverju sinni, sbr. II. kafla. Hins vegar eru veittir beinir styrkir til aðgerða stjórnvalda á grundvelli tiltekinna forsendna, sbr. III kafla.

6. gr.

Starfsreglur stjórnar, fundir, fundargerðir og birting gagna.

Stjórn skal setja sér starfsreglur. Formaður stjórnar boðar til funda og stýrir fundum stjórnar. Halda skal fundargerðir yfir alla fundi og þær ákvarðanir sem teknar eru. Upplýsingar um þau verkefni sem styrkt eru af sjóðnum í samkeppnishluta sjóðsins skal birta á vef sjóðsins.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs skal funda eftir þörfum og umfangi verkefna, að lágmarki fjórum sinnum á ári.

7. gr.

Hæfisreglur.

Stjórnarfulltrúi, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar vekja athygli formanns stjórnar á þeim. Telji formaður sig vanhæfan skal hann vekja athygli annarra stjórnarfulltrúa á því. Stjórnin ákveður í framhaldi hvort stjórnarráðsfulltrúa/formanni beri að víkja sæti, sbr. 5. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Við mat á vanhæfi skal taka mið af ákvæðum stjórnsýslulaga.

II. KAFLI

Úthlutunarreglur í samkeppnishluta.

8. gr.

Styrkhæfi verkefna og áherslur.

Lögaðilar, þ.m.t. sveitarfélög, að undanskildum A-hluta ríkisaðilum, geta sótt um styrki í Loftslags- og orkusjóð.

Áhersla skal fyrst og fremst lögð á að styrkja verkefni sem falla að hlutverki sjóðsins og:

- a. sem skila samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda,
- b. sem draga úr notkun jarðefnaeldsneytis,
- c. sem stuðla að framleiðslu og nýtingu á innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum og orkunýtni,
- d. sem stuðla að hringrásarhagkerfi,
- e. sem stuðla að bættu orkuöryggi og
- f. sem hagnýta gögn um áhrif loftslagsbreytinga.

Ráðherra getur ákveðið frekari áherslur eða hámarkshlutföll styrkja við styrkveitingar á grundvelli markmiða stjórnvalda og skal gert grein fyrir þeim í leiðbeiningum tengdri hverri styrkauglýsingu.

Styrkjum skal úthlutað til afmarkaðra verkefna til allt að þriggja ára, með fyrirvara um fjárveitingar á fjárlögum hverju sinni og fjárhagsstöðu sjóðsins.

Eftirfarandi er ekki styrkhæft:

- a. Verkefni sem eru á fjárlögum eða falla undir sérstaka samninga eða falla undir lögbundin hlutverk A-hluta stofnana eða sveitarfélaga.
- b. Kostnaður vegna reksturs félaga og félagasamtaka.
- c. Verkefni sem tengjast förgun úrgangs.
- d. Rannsóknarverkefni á meistara- eða doktorsstigi.
- e. Kostnaður vegna launa nefndarmanns eða annar kostnaður vegna nefndarsetu.
- f. Verkefni eða hluti verkefnis sem hefur þegar verið unninn.

9. gr.

Auglýsingar og umsóknir.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs auglýsir eftir umsóknum um styrki úr samkeppnishluta sjóðsins, að jafnaði tvisvar á ári, sbr. 3. gr. Auglýsa skal á vef Umhverfis- og orkustofnunar, í dagblöðum eða með öðrum sambærilegum hætti.

Í auglýsingu og leiðbeiningum tengdri auglýsingunni skulu koma fram upplýsingar um gögn sem skila þarf með umsókninni, helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, sbr. reglugerð þessa, tímafresti, leiðbeiningar um hvar og hvernig skuli sækja um og hvenær umsóknir verði afgreiddar

Umsókn skal skilað í rafrænu umsóknarkerfi á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsókn skal fela í sér greinargóða lýsingu á verkefninu, markmiði þess, hvernig árangur þess verði metinn, áætluðum ávinningi af verkefninu, fjárhagsáætlun og hvernig umsækjandi hyggst verja styrknum. Umsókn skulu m.a. fylgja gögn og upplýsingar sem skilgreind eru nánar í leiðbeiningum fyrir hverja auglýsingu.

10. gr.

Matsferli.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs metur styrkhæfi umsókna og forgangsraðar þeim með hliðsjón af mati ráðgefandi fagráðs og ákvæðum reglugerðar þessarar.

Auk skilyrða sem fram koma í 8. gr. verður við mat á umsóknum og ákvörðun úthlutunar tekið tillit til þess hversu vel verkefni fellur að áherslum styrkveitinga eins og þær eru skilgreindar í auglýsingu hverju sinni.

Umsækjendur mega ekki hafa samband við stjórn eða ráðgefandi fagráð meðan á matsferli stendur. Hafi umsækjandi samband við stjórn eða fagráð á tíma matsferils með það fyrir augum að hafa áhrif á niðurstöðu matsins mun umsóknin verða tekin úr matsferli. Umsóknum sem berast eftir tilskilinn tímafrest og/eða er skilað án allra umbeðinna gagna er hafnað.

11. gr.

Fagráð.

Í þeim tilfellum sem umsýsla verkefnis er á hendi Umhverfis- og orkustofnunar skal stjórn Loftslags- og orkusjóðs skipa fagráð til að meta hversu vel verkefni fellur að áherslum styrkveitinga og ákvæðum reglugerðar þessarar.

Fagráðið skal skipað eigi færri en þremur sérfræðingum sem saman fara með þekkingu á viðfangsefni styrkveitingarinnar.

Stjórn skal gefa út verklagsreglur og hæfisreglur fyrir fagráðið.

Hafi umsýsla verið framseld til óháðs aðila er stjórn heimilt að útvista skipan fagráðsins til þess aðila.

Fagráðið skilar stjórn Loftslags- og orkusjóðs skriflegri greinargerð þar sem fram kemur tillaga um forgangsstöðun umsókna á grunni faglegs mats. Mat fagráðs á umsóknum skal ávallt byggjast á gæðum umsókna, áherslum styrkveitinga eins og þær eru skilgreindar í leiðbeiningum, ákvæðum reglugerðar þessarar og verklagsreglum fagráðs.

12. gr.

Úthlutun og skilmálar.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli mats á framkomnum umsóknum með hliðsjón af tillögu í greinargerð fagráðs um forgangsstöðun. Skila skal ráðherra skýrslu um ákvörðun stjórnar innan fimm virkra daga frá ákvörðun um styrkveitingu. Í framhaldi skal tilkynna öllum umsækjendum um afgreiðslu umsóknar og sérhverju svari skal fylgja stutt umsögn fagráðs. Við ákvörðun um styrkveitingar skal gæta ákvæða stjórnsýslulaga, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða, sbr. 42. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Ákvarðanir sem teknar eru um veitingu styrkja úr Loftslags- og orkusjóði eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Styrkþegi ábyrgist að styrk verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð um framvindu verkefnisins og fjárhagsuppgjör líkt og kveðið er á um í leiðbeiningum tengt hverri auglýsingu. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglugerð þessari eða eru sérstaklega tilgreindir í samningi.

Styrkjum er úthlutað í samræmi við skilmála sem skilgreindir eru í leiðbeiningum hverju sinni. Almennt skal ekki gera samninga um styrki til lengri tíma en eins árs í senn. Ef verkefni er styrkt til lengri tíma en eins árs skal gerður um það samningur þar sem greiðslur vegna verkefnis skulu inntar af hendi eftir framgangi verkefnis eins og skilgreint er í leiðbeiningum hverju sinni en lokagreiðsla styrkfjár kemur almennt ekki til greiðslu fyrr en við skil til sjóðsins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til að krefjast endurgreiðslu að hluta eða öllu leyti við verklok, sbr. 16. gr.

Loftslags- og orkusjóður birtir nöfn styrkþega, heiti verkefna og upphæð styrkja á vef Umhverfis- og orkustofnunar.

13. gr.

Upplýsingagjöf og skýrslur.

Styrkþega er skylt að skila sjóðnum framvindu- og/eða lokaskýrslum eins og þær eru skilgreindar í leiðbeiningum hverju sinni. Tilkynna skal sjóðnum tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka styrktu verkefni eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni sjóðsins um upplýsingar um stöðu verkefnis og láta honum í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þ. á m. bókhaldsgögn.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs skilar ráðherra ársskýrslu þar sem fram kemur umfjöllun um styrkveitingar ársins og árangursmat á fyrri styrkjum.

14. gr.

Kynningarefni tengt verkefni.

Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af Loftslags- og orkusjóði.

15. gr.

Endurkröfuréttur Loftslags- og orkusjóðs.

Ef styrknum eða hluta hans er varið í annað en það verkefni sem tilgreint er í umsókn eða ef skilmálar í reglugerð þessari eða leiðbeiningum eru ekki uppfylltir teljast forsendur styrkveitingar brostnar. Áskilur Loftslags- og orkusjóður sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild sinni, ásamt kostnaði.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi endurgreiða ónýttan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör verkefnis liggur fyrir. Að öðrum kosti innheimtir sjóðurinn ónýttan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan árs frá undirskrift samnings fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Þegar samningur um styrk er felldur niður vegna vanefnda eða þegar samningur um styrkveitingu er ekki gerður þá fellur sú úthlutun niður. Það sama gildir þegar styrkhafi er krafinn um endurgreiðslu þegar greidds styrks.

16. gr.

Styrkhlutföll og fjárhæðir.

Styrkhlutföll og fjárhæðir í úthlutunum stjórnar Loftslags- og orkusjóðs skulu skilgreindar í auglýsingum og leiðbeiningum hverju sinni. Skal þar gerð grein fyrir hámarks styrkhlutföllum og hámarks styrkfjárhæðum sem og hlutfalli framvindugreiðslna. Sjóðnum er almennt ekki heimilt að veita hærri styrki en sem nemur 50% af heildarkostnaði verkefnis nema annað sé skilgreint í áherslum ráðherra, sbr. 8.gr.

III. KAFLI

Beinar stuðningsaðgerðir.

17. gr.

Styrkir til hreinorkuökutækja.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs veitir styrki vegna kaupa á ökutækjum sem hafa engan útblástur, eru hreinorkutæki eða losunarfrí ökutæki og við veitingu þeirra fer samkvæmt reglugerð þessari. Styrkveitingum þessum er ætlað að hvetja til kaupa á ökutækjum sem ganga fyrir hreinni endurnýjanlegri orku í þeim tilgangi að hraða orkuskiptum í samgöngum með það að meginmarkmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

18. gr.

Styrkhæfi og skilmálar.

Styrkirnir eru veittir til einstaklinga og lögaðila sem eru skráðir sem eigendur styrkhæfra ökutækja hér á landi hjá Samgöngustofu.

Til styrkhæfra ökutækja teljast ökutæki með fyrstu skráningu á Íslandi. Ökutæki sem hafa verið fyrst skráð erlendis, en eru nýskráð á Íslandi innan 12 mánaða frá fyrstu skráningu erlendis, geta fengið að hámarki 80% af þeim styrk sem veittur er fyrir ökutæki með fyrstu skráningu á Íslandi. Ökutæki sem eru fyrst skráð erlendis meira en 12 mánuðum frá nýskráningu hérlandis eru ekki styrkhæf. Nánari upplýsingar um fjárhæðir tengdar styrkjum vegna kaupa á rafbílum má sjá í töflu í 22. gr. um styrkfjárhæðir og hlutföll þessarar reglugerðar. Sé kaupverðmæti umfram hámarkið er ökutæki ekki styrkhæft.

Sé ekki sótt um styrk innan 12 mánaða frá nýskráningu ökutækis fellur styrkhæfi ökutækisins niður. Til nýrra ökutækja teljast þau er fá fyrstu skráningu hér á landi.

Á þessum reglum eru undantekningar fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1 ef ökutæki er sérbúið fyrir þarfir fólks með fötlun.

19. gr.

Auglýsingar og umsóknir.

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs skal auglýsa hvenær og hvernig verður opið fyrir umsóknir um hreinorkuökutækjastyrki. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um þau skilyrði sem ökutæki þurfa að uppfylla til að standast styrkhæfni, sbr. reglugerð þessa, og leiðbeiningar um hver og hvernig skuli sækja um.

Umsóknir um hreinorkuökutækjastyrki skulu almennt vera opnar allt árið en stjórn Loftslags- og orkusjóðs getur lokað fyrir umsóknir um styrki ef eftirspurn eftir styrkjum er umfram fjárhagsáætlun og fyrir séð er að fjárheimild ársins sé lægri en vænt útgreiðsla á ársgrundvelli.

20. gr.

Umsóknir og útborgun styrkja.

Umsóknir vegna kaupa á fólksbílum í flokki M1 og atvinnubíla í flokki N1 fer alla jafna fram með stafrænum hætti í gegnum rafrænan aðgang umsækjanda á Ísland.is. Vegna bíla í sömu flokkum sem eru sérútbúnir vegna fötlunar kaupanda þarf að liggja fyrir staðfesting Tryggingastofnunar ríkisins (TR) áður en sótt er um á Ísland.is.

Hvað varðar styrkveitingar til ökutækja í flokkum M2, M3, N2 og N3 verður framkvæmd þeirra í gegnum umsóknarferli Loftslags- og orkusjóðs.

Styrkur er aðeins veittur einu sinni vegna hvers styrkshæfs ökutækis. Séu meðeigendur skráðir á hið styrkhæfa ökutæki greiðist styrkur til skráðs aðaleiganda og getur hann einn sótt um styrk.

Uppfylli bæði ökutæki og umsækjandi öll skilyrði og umsækjandi hefur gengist við þeim skilmálum sem liggja til grundvallar styrkveitingu og fram koma í umsóknarferli er styrkur greiddur út innan tveggja daga að jafnaði eftir að umsókn berst.

21. gr.

Endurkröfuréttur.

Verði umsækjandi uppvís að því að veita rangar eða villandi upplýsingar til Loftslags- og orkusjóðs vegna umsóknar sinnar eða notar styrk í öðrum tilgangi en til kaupa á hreinorkuökutæki áskilur sjóðurinn sér rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks ásamt kostnaði. Öll slík tilvik verða undantekningarlaust kærð til lögreglu. Styrkþega er ekki heimilt

að selja ökutæki úr landi innan þriggja ára frá veittum styrk og áskilur sjóðurinn sér rétt til að krefja styrkþega um endurgreiðslu í þeim tilfellum. Í þessu sambandi áskilur Loftslags- og orkusjóður sér rétt til þess að kalla eftir upplýsingum um kaup, skráningu og eigendasögu þeirra ökutækja sem styrkt hafa verið. Enn fremur er upplýst að Ríkisendurskoðun hefur víðtækar skoðunarheimildir sem fela í sér heimild til að kalla eftir gögnum og upplýsingum í þessu sambandi. Sjóðurinn áskilur sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks ásamt kostnaði.

22. gr.
Styrkfjárhæðir og hlutföll.

Eftirfarandi skulu vera hámarks styrkhlutföll og styrkfjárhæðir í úthlutunum stjórnar Loftslags- og orkusjóðs til fólksbíla sem taka að hámarki átta farþega (M1):

Fólksbílar – nýir	2026	2027	2028	Hlutföll
Söluverð < 10.000.000 kr	500.000 kr.	500.000 kr.	0 kr.	Á ekki við
Söluverð > 10.000.000 kr	0 kr.	0 kr.	0 kr.	Á ekki við

Eftirfarandi skulu vera hámarks styrkhlutföll og styrkfjárhæðir í úthlutunum stjórnar Loftslags- og orkusjóðs til vöru- og sendibíla sem notaðir eru í atvinnuskyni. Eingöngu eru veittir styrkir til lögaðila eða einstaklinga í virkum atvinnurekstri:

Atvinnubílar	2026	2027	2028	Hlutföll
Sendibílar (N1) < 10.000.000 kr	500.000 kr.	500.000 kr.	0 kr.	Á ekki við
Lítill vörubifreið (N2) 3,5-7 tonn	2.500.000 kr.	500.000 kr.	0 kr.	33%
Lítill vörubifreið (N2) 7-12 tonn	5.000.000 kr.	2.500.000 kr.	2.500.000 kr.	33%
Vörubifreið II (N3) 12-18 tonn	10.000.000 kr.	10.000.000 kr.	10.000.000 kr.	33%
Vörubifreið II (N3) 18-26 tonn	15.000.000 kr.	15.000.000 kr.	15.000.000 kr.	33%
Vörubifreið II (N3) > 26 tonn	20.000.000 kr.	20.000.000 kr.	20.000.000 kr.	33%

Eftirfarandi skulu vera hámarks styrkhlutföll og styrkfjárhæðir í úthlutunum stjórnar Loftslags- og orkusjóðs til hópferðabíla sem notaðir eru í atvinnuskyni. Eingöngu eru veittir styrkir til lögaðila eða einstaklinga í virkum atvinnurekstri:

Hópferðabílar	2026	2027	2028	Hlutföll
M2 (10 farþegar +) < 5 tonn	5.000.000 kr.	2.500.000 kr.	2.500.000 kr.	33%
M3 (10 farþegar +) > 5 tonn	15.000.000 kr.	15.000.000 kr.	15.000.000 kr.	33 %
M3 almenningsvagnar/strætó	30.000.000 kr .	20.000.000 kr.	20.000.000 kr.	33%

Í tilfalli fólksbíla (M1), sendibíla (N1), lítilla vörubifreiða (N2) og lítilla hópferðabíla (M2) er miðað við dagsetningu samþykkrar umsóknar að lokinni nýskráningu. Í tilfalli vöru- og hópferðabifreiða (N3, M3) er miðað við dagsetningu bindandi kauptilboðs fyrir samþykkt styrks en greiðsla styrks kemur til við nýskráningu hjá Samgöngustofu.

Fjöldi styrkveitinga Loftslags- og orkusjóðs til hreinorkuökutækja í flokkum M3/N3 takmarkast af því sem nemur ígildi 150 ökutækjaeininga frá 1. janúar 2026. Einingafjöldi vegna vöru- og hópferðabifreiða er skilgreindur með eftirfarandi hætti:

A-flokkur: Vörubifreið II (N3) 12-18 tonn: 0,5 einingar.

B-flokkur: Vörubifreið II (N3) 18-26 tonn og hópferðabílar (M3) > 5 tonn og 10 farþega: 1 eining.

C-flokkur: Vörubifreið II (N3) < 26 tonn og (M3) almenningsvagnar/strætó: 1,5 einingar.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Skráningarskylda styrkja samkvæmt reglum Evrópusambandsins.

Sjóðurinn skal gæta þess að umsóknir uppfylli skilyrði ákvæða reglugerðar (ESB) 651/2014 um almenna hópundanþágu frá tilkynningarskyldu, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans.

Oheimilt er að styrkja fyrirtæki í samkeppnisrekstri umfram þá hámarksfjárhæð sem leyfilegt er samkvæmt reglugerð ESB 2023/2831 um minniháttaraðstoð (de minimis regla), nú að hámarki 300.000 evrur á hverju 36 mánaða tímabili að frádregnum öðrum styrkjum frá opinberum sjóðum sem viðkomandi hefur fengið til sömu verkefna á sama tímabili. Sjóðurinn skal skrá alla minniháttaraðstoð sem veitt er í miðlæga skrá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

24. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 8. gr. laga um Loftslags- og orkusjóð nr. 76/2020 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. júní 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson

Stefán Guðmundsson.
